

Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Minnisblað

Viðtakandi: Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Sendandi: Fjármála- og efnahagsráðuneytið; skrifstofa skattamála.
Dagsetning: 31.08.2016
Málsnúmer: FJR16050018
Bréfalykill: 3.6

Efni: Frumvarp til laga um aðgerðir stjórnvalda gegn skattsvikum o.fl. - Fyrning sakar.

Á fundi ráðuneytisins með nefndinni, hinn 24. ágúst sl., barst fulltrúum þess beiðni um að frekari rök yrðu færð fyrir lengingu fyrningartíma sakar skv. 9., 11., 12. og 14. gr. frumvarps til laga um aðgerðir stjórnvalda gegn skattsvikum o.fl. (þskj. 1346 í 787. máli).

Í þessu samhengi er rétt að rifja upp að í sérstökum athugasemdum við 9., 11., 12. og 14. gr. frumvarpsins kemur m.a. fram að lenging fyrningarfrestsins þyki eðlileg í ljósi þess hve mál tengd lágskattasvæðum komi oft seint upp á yfirborðið. Í greinunum er kveðið á um breytingu á ákvæðum tekjuskattslaga, laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, lögum um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur og lögum um virðisaukaskatt. Framangreind ákvæði eru að efni og framsetningu að mestu sambærileg en til skýringar er rétt að rifja upp ákvæði 8. mgr. 110. gr. tekjuskattslaga: *Sök skv. 109. gr. fyrnist á sex árum miðað við upphaf rannsóknar á vegum skattrannsóknarstjóra ríkisins, enda verði ekki óeðlilegar tafir á rannsókn máls eða ákvörðun refsingar.* Breytingin sem lögð er til í 9. gr. frumvarpsins er svohljóðandi (viðbótin er breiðletruð): *Sök skv. 109. gr. fyrnist á sex árum miðað við upphaf rannsóknar á vegum skattrannsóknarstjóra ríkisins, enda verði ekki óeðlilegar tafir á rannsókn máls eða ákvörðun refsingar. Þó fyrnist sök skattaðila í lágskattaríkjum, sbr. 109. gr., á tíu árum.*

Þrátt fyrir orðalag ákvæðis 8. mgr. 110. gr. tekjuskattslaga („fyrnist á sex árum miðað við upphaf rannsóknar“) telst upphaf fyrningarfrests, samkvæmt þeim ákvæðum sem lagt er til að verði breytt, frá þeim tíma er brotið var framið. Slíka túlkun má m.a. finna í úrskurði yfirskattanefndar nr. 308/2005. Fyrning rofnar hins vegar t.d. þegar sakborningur er sakaður um brot við skýrslutöku hjá skattrannsóknarstjóra en þó heldur fyrningarfresturinn áfram að líða ef óeðlilegar tafir verða á rannsókn máls eða ákvörðun refsingar.

Meginástæða þess að stofnað er til brota gegn skattalögum í gegnum lágskattasvæði virðist vera sú leynd sem hvílir yfir athöfnum og starfsemi á slíkum stöðum. Skattyfirvöld komast að jafnaði ekki á snodir um að brot hafi verið framið í skjóli þeirra fyrr en löngu eftir að þau voru framin, oftast mörgum árum síðar. Oft og tíðum koma slík brot upp á yfirborðið fyrir tilviljun, s.s. þegar grunur um þau vaknar þegar rannsókn er gerð á skattskilum viðkomandi af öðru tilefni. Meiri háttar skattalagabrot fyrnast á tíu árum vegna heimfærslu þeirra til 262. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 81. gr. sömu laga. Brot tengd lágskattaríkjum geta verið meiri háttar eins og hver önnur skattalagabrot og fallið þar með undir fyrrnefnda 262. gr. Í þeim tilvikum þegar brot tengd lágskattaríkjum falla ekki undir 262. gr. almennra hegningarlaga fyrnast þau hins vegar á 6 árum. Vegna tengsla við lágskattasvæði er skattaðilum hægara um vik að leynd brotum um langa hríð. Dæmi um slíkt hafa komið fram í skattfrankvæmd. Þannig má sem dæmi nefna mál er sætt hefur rannsókn hjá embætti skattrannsóknarstjóra þar sem embættið hefur undir höndum upplýsingar um erlendan bankareikning einstaklings sem aldrei hefur verið gerð grein fyrir á skattframtali. Bankareikningurinn var stofnaður fyrir nokkru, fjármunir færðir inn á hann og hafa legið þar óhreyfðir í nokkur ár. Skattskylda hér á landi myndaðist við flutning fjármunanna inn á reikning einstaklingsins og fyrningarfrestur byrjaði að líða í kjölfarið. Skattalagabrotið er fyrnt. Þar sem sök er fyrnd í málinu geta skattyfirvöld ekkert aðhafst en einstaklingurinn getur hins vegar flutt fjármunina

óskattlagða til landsins og nýtt þá þar til persónulegra nota.

Að mati ráðuneytisins er mikilvægt að fyrningartími sakar í málum sem tengjast lágskattasvæðum verði lengdur og þeim möguleika þannig haldið opnum lengur að unnt sé að sækja menn til sakar vegna slíkra brota, þeir sæti sektum innan skattkerfisins, þ.e. hjá yfirsattanefnd, sektargerð hjá skattrannsóknarstjóra eða fái refsingu í kjölfar dómsmeðferðar. Telur ráðuneytið að brot sem framin eru í skjóli lágskattasvæða séu sérstæð og aðgreinanleg frá öðrum skattalagabrotum að því leyti sem hér hefur gerð grein fyrir og sex ára fyrningartími vegna þeirra sé of skammur.

Að gefnu tilefni leyfir ráðuneytið sér einnig að benda á að það mun innan tíðar leggja til breytingu á gildistökuákvæðum frumvarpsins með það fyrir augum að skorið verði úr um réttarstöðu þeirra sem framið hafa skattalagabrot fyrir gildistöku er tengist tekjum og eignum á lágskattasvæðum.